

Skipulagsstofnun  
b.t. Jakobs Gunnarssonar  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. mars 2022  
Málsnúmer: 202201-0050  
LA/SS

## Efni: Umsögn um umhverfismatskýrslu vegna efnistöku úr Bakkanámu í landi Skorholts í Hvalfjarðarsveit

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun dags. 16. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er varðar stækkun efnistökusvæðis við Bakkanámu. Framkvæmdaraðili, Hólaskarð ehf., hyggst vinna í Bakkanámu í Melasveit allt að 1,4 milljón m<sup>3</sup> af efni á um 11 ha efnistökusvæði, en þar af eru 5 ha nýtt svæði.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn til Skipulagsstofnunar 10. júní 2021 varðandi tillögu að matsáætlun sömu framkvæmdar. Stofnunin benti þá meðal annars á hátt vísindalegt gildi þessara setmyndana, sem mynduðust á síðjökultíma og eru hluti af mun stærri heild.

Jökulgarðurinn í Skorholtsmelum sýnir hámarksútbreiðslu jökulsins úr Borgarfirði fyrir um 12.800 árum og að á þeim tíma hafi sjávarstaða verið í 52 m hæð yfir núverandi sjávarborð. Jökulgarðurinn í Skorholtsmelum liggur norðan við námusvæðið en hann er einn best varðveitti jökulgarður landsins frá þessum tíma. Námusvæðið er í gamalli óseyri sem myndaðist framan við jökulinn og við háa sjávarstöðu á síðjökultíma. Lárétt leir- og siltlög sem finnast í botni malarnámunnar marka forna hafsbotninn sem óseyrin byggðist út á.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir umhverfismatskýrslu ofangreindrar framkvæmdar og vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

- Leita þarf áhlits jarðfræðings með sérþekkingu í ísaldarjarðfræði til að taka út jarðlagasnið sem varðveitt verða í vísindalegum tilgangi og til fræðslu.
- Gera þarf ráðstafanir vegna áætlana um dýpt námunnar, þ.e. mesta dýpi er áætlað um 25 metrar. Fyrirbyggja þarf hrun í námuveggjum og girða af námuna að ofanverðu þar sem hún er dýpst (austast á svæðinu). Ekki er nóg að setja skilti.
- Kanna þarf hættu á mengun grunnvatns innan námunnar og gera viðbragðsáætlanir því tengdu.

Mikilvægt er að skoða samlegðaráhrif við efnistökusvæðið í Skorholtsmelum, námusvæðið austan við Bakkanámu. Þar er einnig fyrirhuguð stækkun á námusvæði um rúma 12 ha og vinna allt að 2,5 milljón m<sup>3</sup> af efni, úr þessari sömu fornu óseyrarmyndun frá síðjökultíma.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekar athugasemdir.



Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs  
Náttúrufræðistofnun Íslands

